

Borgarbyggð  
Drífa Gústafsdóttir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 16. ágúst 2021  
UST202107-008/A.Þ.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 – Húsafell**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 1. júlí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna fyrirhugaðrar verslunar, þjónustu, íbúða- og frístundabyggðar sunnan Þjóðveggar í Húsafelli.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að skilgreina landnotkun og samgöngukerfi fyrir verslun, þjónustu, íbúða- og frístundabyggð sunnan Þjóðveggar í Húsafelli. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi nær til svæðis sunnan Hálsasveitarveggar nr. 518, sem liggur að Húsafelli, til suðurs upp brekkur Útfjalls og austur fyrir bæjatorfuna hjá Húsafellsbænum.

### **Náttúruminjaskrá**

Líkt og fram kemur í greinargerð er Húsafell á C-hluta náttúruminjaskrár og flokkast sem aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Svæðið er á náttúruminjaskrá vegna tilkomumikils, fjölbreytts landslags, víðlends skógar, lauga og linda. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fyrirhugaðar framkvæmdir rýri ekki verndargildi svæðisins.

### **Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu er náttúrulegt votlendi við rætur Útfjalls sem er undir þeim viðmiðum sem gilda fyrir verndun votlendis skv. náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að votlendi verði ekki raskað og bendir á að í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*, sem er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins, er fjallað um mikilvægi þess að koma í veg fyrir frekari framræslu votlendis hér á landi.

### **Stígur að Bæjargili**

Í greinargerð er sett stefna um útivistarsvæði í Bæjargili og á svæðinu við upphaf gönguleiða við gilið. Gert er ráð fyrir bílastæði, stígum og gönguleiðum, upplýsingaskilti og gestaskýli til móttöku, mögulega með salernum. Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til þess að gera deiliskipulag fyrir svæðið og telur að gönguleið um Bæjargilið ætti að vera hluti af deiliskipulaginu.

**Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

**Náttúruverndarlög**

Á bls. 5 í greinargerð er vísað í lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að þau lög hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Axel Benediktsson  
sérfræðingur